


Veikindaréttur

- helstu atriði



- Veikindaréttur er **áunninn réttur** og eykst eftir því sem unnið er lengur hjá sama atvinnurekanda.
- Veikindarétturinn er **heildarréttur á hverju 12 mánaða tímabili** án tillits til tegundar veikinda/sjúkdóms.
- Ef starfsmaður veikist og getur ekki sótt vinnu skal hann **tilkynna það yfirmanni sínum**.
- Ef atvinnurekandinn krefst læknisvottorðs vegna veikinda starfsmanns þá **ber atvinnurekandanum** að greiða fyrir það.
- Starfsmaður ávinnur sér rétt til **tveggja veikindadaga** fyrir hvern unninn mánuð.
- Greiðslur **launa í veikindum** skulu fara fram með sama hætti og á sama tíma og aðrar launagreiðslur.
- Starfsmenn á almennum vinnumarkaði ávinna sér veikindarétt á hverju 12 mánaða tímabili sem hér segir:
Á fyrsta ári: **Tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð**.
Eftir 1 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda: **Einn mánuður**
Eftir 2 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda: **Tveir mánuðir** á hverju 12 mánaða tímabili.
Eftir 3 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda: **Þrjú mánuðir** á hverju 12 mánaða tímabili.
Eftir 5 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda: **Fjórir mánuðir** á hverju 12 mánaða tímabili.
- Fyrstu sex mánuði í starfi hjá atvinnurekanda er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð **til aðhlyningar veikum börnum sínum** undir 13 ára aldri. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili.
- Komi veikindi í veg fyrir að starfsmaður geti farið í orlof á þeim tíma sem atvinnurekandi ákveður getur starfsmaðurinn farið í **orlof á öðrum tíma**.
- Veikindaréttur **barnshafandi kvenna** er til staðar þann tíma sem þær eru í vinnu.
- Það er **ekki** hægt að semja af sér veikindarétt.
- Veikindaréttur **fellur niður við starfslok** manns. Það skiptir ekki máli hvort starfsmaður hefur sjálfur sagt starfi sínu lausu eða hvort honum hefur verið sagt upp starfi.
- Forfallist starfsmaður af völdum **slyss við vinnuna** eða á beinni **leið til eða frá vinnu** og eins ef starfsmaður veikist af atvinnusjúkdómi, skal hann auk réttar til launa í veikindum halda dagvinnulaunum sínum í þrjú mánuði. Ofangreindur réttur er sjálfstæður réttur og gengur ekki á veikindarétt starfsmannsins.

- Starfsmenn **ríkis og sveitarfélaga** á mánaðarlaunum ávinna sér veikindarétt á hverju 12 mánaða tímabili sem hér segir:

0-3 mánuði í starfi: **14 dagar**

Næstu 3 mánuði í starfi: **35 dagar**

Eftir 6 mánuði í starfi: **119 dagar**

Eftir 1 ár í starfi: **133 dagar**

Eftir 7 ár í starfi: **175 dagar**

Eftir 12 ár í starfi: **273 dagar**

Eftir 18 ár í starfi: **360 dagar**

- Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga í tímavinnu ávinna sér veikindarétt á hverju 12 mánaða tímabili sem hér segir:

Á 1. mánuði í starfi: **2 dagar**

Á 2. mánuði í starfi: **4 dagar**

Á 3. mánuði í starfi: **6 dagar**

Eftir 3 mánuði í starfi: **14 dagar**

Eftir 6 mánuði í starfi: **30 dagar**



Starfsgreinasamband
Íslands